

Föstudaginn 1. marz 1935.

Nr. 2/1935. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Eyjólfi Andréssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Suður-Múlasýslu 19. sept. 1934:
Ákærði, Eyjólfur Andrésson, greiði 200 króna sekt í rikissjóð og komi í stað sektarinnar 15 daga einfalt fangelsi ef hún verður ekki öll greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, varða brot kærða við 6. og 16. gr. laga nr. 64/1930, og verður að dæma kærða til refsingar samkvæmt 30. og 36. gr. sömu laga, og með því að lágmark refsingar eftir 30. gr. nefndra laga er 500 krónur, verður að dæma kærða til að greiða 500 króna sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar, 25 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Eyjólfur Andrésson, greiði 500 króna sekt í rikissjóð og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði greiði

allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningismannanna, Einars B. Guðmundssonar og Garðars Þorsteinssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað fyrir lögreglurétti Suður-Múlasýslu gegn ákærða, Eyjólf Andréssyni, sjómanni á Eskifirði, fyrir brot á áfengislöggjöf-
inni og eru tildrög málsins þessi:

Hinn 2. júlí þ. á. kærði löggæzlumaður Wilhelm Jakobs-
son ákærða, Eyjólf Andrésson, fyrir að hafa verið ölvaður á skemmtun, sem kvenfélagið á Eskifirði hafði haldið dag-
inn áður. Sama dag hafði löggæzlumaðurinn einnig fund-
ið, skammt frá samkomustaðnum málmkúlu með vökva í, er hann taldi áfengan og vera mundi eign ákærða. Við
rannsókn málsins kannaðist ákærði við bæði að hafa
verið ölvaður á skemmtuninni og eins að hafa haft með
sér málmkúluna á samkomustaðinn. Vökvann, sem í kúl-
unni er, kveðst hann hafa búið til sjálfur úr geri, sykur
og vatni. Lét hann það í kút til að gerjast. Kúttinn geymdi
hann í hlöðu í Stóru-Breiðuvík, þar sem hann dvaldi um
þessar mundir við sjóróðra. Innihaldinu úr kútnum helti
hann á kúluna og hafði með sér á samkomuna. Hann neit-
ar því að hafa ætlað að selja þetta brugg, heldur aðeins
neyta þess sjálfur.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofunnar, sem fékk
vökva þennan til rannsóknar, reyndist vinandamagnið
14,4% að rúmmáli.

Samkvæmt því, er að framan greinir, hefir ákærði gerzt
brotlegur við 6. og 16. gr. áfengis laga nr. 64 frá 1930 og
þykir refsing ákærða samkv. 30. og 37. gr. sömu laga, með
sérstakri hliðsjón af að bruggun þessi var í mjög smáum

stíl og bersýnilega ekki gerð í þeim tilgangi að selja áfengið, nægilega ákveðin 200 króna sekt, er renni í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar 15 daga einfalt fangelsi, ef hún verður eigi öll greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 4. marz 1935.

Nr. 112/1933. **Ársæll Árnason** (Guðm. Ólafsson)
 gegn

Sigurði Þórðarsyni (Enginn).

Fyrning kröfu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1933: Stefnur, Ársæll Árnason, greiði stefnandanum, Garðari Þorsteinsyni, f. h. Sigurðar Þórðarsonar, kr. 264.00 með 5% ársvöxtum frá 5. maí 1933 til greiðsludags og kr. 87,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í hæstarétti 31. janúar 1934 og var þá mætt í því af hálfu beggja aðilja. Síðan hefir málinu hvað eftir annað verið frestað eftir ósk aðilja. Loks tilkynnti umboðsmaður stefnda hinn 19. f. m. að ekki yrði frammar mætt í því af stefnda hálfu. Málið hefir því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir lagt fram í hæstarétti leyfisbréf til að leggja fram ný gögn í máli þessu útgefið 20. okt. f. á., og hefir krafizt þess að hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur verði felldur úr gildi, að áfrýjandi